



Ræða um menningu á Norðurlöndum, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Stjórn mála – Norðurlöng - Menning - Fólksflutningar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-5, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nær allir Íslendingar, er fóru til annara landa að leita sér aukinnar menningar og frama, sóttu öldum saman til Danmerkur. Á síðustu áratugum hefur þetta breyst á þann veg, að menn sækja nú víðar en áður og munu þó fleiri fara frá Íslandi til Danmerkur til náms en nokkurs annars lands.

Menningareinokun eins lands í öðru er eigi hollari en önnur einokun og þess vegna óskum við Íslendingar vissulega þess, að askumenn okkar afli sér þroska og þekkingar sem víðast. Hitt er nokkurn veginn víst, að ekki var betra að leita til neins eins lands en Danmerkur.

Bismarck, einn þeirra manna á öldinni sem leið, er best þekti hinn stóra heim og aldrei var talinn sérstakur vinur Dana, talar um "das bischen Eurpäertum" - þá ögn af Evrópumennsku - sem sé í Kaupmannahöfn gagnstætt smákonungdómnum Þýzka.

Sá Evrópublær, sem mesti stjórnmalamaður Evrópu á sínum tíma sagði, að væri á Kaupmannahöfn, gerði einmitt að verkum, að þar opnaðist Íslendingum víðara andans svið en þeir hefðu þá getað séð í nokkru einu landi öðru. Menning Dana stendur á norranum merg og hefur orðið fyrir miklum áhrifum frá Þýzka-landi, en einmitt vegna nálægðar þeirrar miklu frændþjóðar í suðri hafa Danir vegið upp á móti áhrifunum þaðan með því að afla

sér menningarfanga í Miðjarðarhafs-löndunum, Frakklandi og í hinum engil-saxneska heimi.

Íslendingar hafa því margt getað lært af Dönnum, enda hefur skilningurinn á nauðsyn frelsisins bæði í iðkun lista og vísinda óvíða verið lengur eða betur vakandi en einmitt í Danmörku. En svipað og Danmörk er eins ólíkt land Íslandi og verða má, er lundarfar Dana og Íslendinga með sitt hvorum hætti svo að aldrei hefur verið veruleg hætta á, að íslensk menning yrði dönsk.

Alt þetta kemur mér í hug nú er opna skal danska myndlistsýningu hér. Um myndlistina á það við ekki síður en um aðra þætti menningar okkar, að þar eigum við Dönnum mjög mikið að þakka. Segja má, að þeir hafi kent okkur mörg undirstöðuatriðin en á þann veg, að við urðum sjálfstaðir í starfi okkar.

Nú eru viðhorfin að ýmsu leyti breytt en enn er víst að við höfum mikið af Dönnum að læra og í viðurkenningu þess og til þakkæltis fyrir það, sem liðið er, hefur ríkisstjórn Íslands boðið til þessarar sýningar.